

**Ed.** **725. Frumvarp til laga** [237. mál]  
um beyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 485 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

16. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.